

FRÉTTIR



Vilja brenna hræ

Kaupfélag Skagfirðinga hefur óskað eftir leyfi til að setja upp brennsluofn við sláturhús sitt á Sauðárkróki. Vilja leyfi til að brenna allt að sex tonnum af dýrahræjum á dag. Málið er í athugunarferli. **6**

Færri nálgunarbönn

Á þessu ári hafa fórnarlömb heimilisofbeldis á Suðurnesjum aldrei fengið ósk sína um brottvísun ofbeldismanns af heimili uppfyllta. Einungis tvö nálgunarbönn hafa verið veitt á sama tíma. **2**




Landnámsminjum ógnað

Fjöldi fornminja og gamalla verbúða víða um land liggur undir skemmdum vegna sjávarrofs. Margar minjanna eru allt frá landnámsöld. **8**

Marabonfundir vegna Grikkja

Drög að samkomulagi vegna skuldavanda Grikklands liggja fyrir sem þýðir að skuldir landsins fara yfir 200 prósent af vergri landsframleiðslu. Óvissa ríkir um framhaldið. Almennir Grikkir óánægðir með tillögurnar. **10**



3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk

SPENNA Í AUSTURSTRÆTINU Ferðamenn og vegfarendur í miðbænum nutu úrslitaviðureignarinnar í Wimbledon-mótinu í tennis í góða veðrinu í Austurstræti í gær. Novak Djokovic tryggði sér sigur gegn Svisslendingnum Roger Federer og varði þar með titil sinn frá því í fyrra.

Skoða endurupptöku samræmdu prófanna

Menntamálaráðherra kannar sé hvort einkunnaverðbólga eigi sér stað eftir afnám samræmdra prófa. Hugsanlegt að koma á samræmdum prófum í nýrri mynd.

MENNTUN „Það er skiljanlegt að skólameistarinn skuli segja þetta því þetta er spegill að þeirri umræðu sem á sér stað á háskólastiginu,“ segir Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra um hugmyndir Inga Ólafssonar, skólameistara Verzlunarskóla Íslands, um að koma á inntökuþrófum til að stemma stigu við einkunnaverðbólgu í grunnskólum landsins. „Við höfum enga samræmda mælikvarða, eða þeir eru ekki að virka sem skyldi. Þá er eðlilegt að þeir sem eru að taka við nemendum af einu skólastigi og upp á næsta hafi áhyggjur,“ segir Illugi. Menntamálastofnun er að rann-

ILLUGI GUNNARSSON

að skoða fýsileika á að innleiða nýtt samræmt próf sem tekur á lykilhæfni sem nemendum er ætlað að læra samkvæmt aðalnámskrá. En Illugi tekur þó fram að slík próf megi ekki vera til þess fallin að steypa alla nemendur í sama mót.

saka niðurstöður samræmdra prófa og bera saman við skólaeinkunn til að kanna hvort einkunnaverðbólga eigi sér stað. Illugi fól Námsmatstofnun um áramótin að skoða fýsileika á að innleiða nýtt samræmt próf sem tekur á lykilhæfni sem nemendum er ætlað að læra samkvæmt aðalnámskrá. En Illugi tekur þó fram að slík próf megi ekki vera til þess fallin að steypa alla nemendur í sama mót.

„Við viljum ekki að grunnskólinn þróist þannig að það verði öll áhersla lögð á einhver þrjú fög, það er að segja að samræmd fagapróf verði allsráðandi í kerfinu. Þess vegna erum við að horfa til samræmdra prófa sem byggja á lykilháttum í námskránni en um leið þarf að tryggja að krakkarnir hafi vald á þeim fögum sem við vitum að eru mikilvæg í framhaldsskólanum, til dæmis stærðfræði, ensku og íslensku.“

Illugi segir að áframhaldandi vinna muni taka nokkurn tíma en vonast til að fólk geti séð tillöugerð innan nokkurra mánaða.

Ævareiðir vegna frávíkningar: Myndhöggvarar munnhöggvast

SAMFÉLAG „Þetta eru ofsóknir og einelti sem er algjörlega farið úr böndunum,“ segir Ásmundur Ásmundsson myndlistarmaður, sem rekinn var úr Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur á aðalfundi félagsins í lok maí.

Ákveðið var að vísa honum og Hannesi Lárussyni myndlistarmanni úr félaginu eftir að nafnlaus tillaga þess efnis kom upp.

Eftir leynilega kosningu um frávíkningu þeirra var upplýst að Kristinn Hrafnsson listamaður var sá sem bar tillöguna upp.

„Þeir sprejduðu hatursáróður á kaffistofu félagsins og frömdu þannig skemmdarverk. Kaffistofan er ekki vettvangur sýningar,“ segir Logi Bjarnason, formaður Myndhöggvarafélagsins.

ÁSMUNDUR ÁSMUNDSSON

- srs

- ngy / sjá síðu 4

ellingsen.is

Gríptu tækifærið - gæðavörur á ótrúlegu verði!

SUMARMARKAÐUR

ELLINGSEN

20-70%
AFSLÁTTUR
af öllum vörum

REYKJAVÍK

Fiskislóð 1 / Sími 580 8500

AKUREYRI

Tryggvabraut 1-3 / Sími 460 3630

OPNUNARTÍMI

Mán.-fös. 10-18 / Lau. 10-16

Ellingsen

FULLT HÚS ÆVINTÝRA

VEÐUR



Í dag er gert ráð fyrir norðaustlægri eða breytilegri átt, víða 3 til 8 metrum á sekúndu. Skýjað og rigning eða skúrir, en úrkomulítið á Vesturlandi fram eftir degi. Hiti að 16 stigum vestanlands, en 7 til 12 stig á Norður- og Austurlandi.

SJÁ SÍÐU 36

Pingvallanefnd ætlar að taka upp bílastæðagjald í Þjóðgarðinum á Pingvöllum:

Líst illa á gjöld á Pingvöllum

Ögmundi Jónassyni, þingmanni Vinstri grænna, list illa á fyrirhuguð þjónustugjöld í Þjóðgarðinum á Pingvöllum og segir að slík gjöld geti breytt ásynð Íslands sem ferðamannalands.

Pingvallanefnd ætlar að taka upp bílastæðagjald í Þjóðgarðinum og er vonast til þess að gjaldið skili fjöru-tíu til fimmtíu milljónum króna á ári. Þjóðgarðsvörðurinn á Pingvöllum segir ákvörðun um þjónustugjöld á Pingvöllum gefa ákveðið for-dæmi fyrir því að rúkað verði gjald

fyrir þjónustu á ferðamannasvæð-um, ekki bara á opinberum friðlýst-um svæðum heldur líka stöðum í eigu einkaaðila.

„Alls staðar er verið að rúka, setja upp stöðumæla og eftirlit og gjaldtöku. En það er ekki bara að yfirbragðið breytist heldur verður okkur gert torveldara að njóta lands-ins því að ég hef grun um að þarna verði ekki látið staðar numið. Þing-vellir, svo koma Gullfoss og Geysir og Jökulsárlón og svo framvegis. Þannig að viljum við hafa þetta yfir-



PINGVELLIR „Þessi notendagjöld, þau fara illa í mig,“ segir Ögmundur Jónas-son þingmaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

bragð á landinu? Ég held ekki,“ segir Ögmundur.

- þká

Sjálfsmorðsárás í Afganistan:

Bílsprengja felldi 25 manns

AFGANISTAN Að minnsta kosti tuttugu og fimm létust og tíu særðust er bílsprengja sprakk við bandaríska herstöð í suðaustur-hluta Afganistan í dag. Talið er að um sjálfsmorðsárás hafi verið að ræða en enginn hefur lýst til-ræðinu á hendur sér.

Árásin átti sér stað í námunda við eftirlitsstöð í útjaðri borgar-innar Khost. Engan starfsmann Bandaríkjahers sakaði, en allir þeir sem létust voru almennir borgarar.

- sks



SPRENGISANDUR Rakel Ósk Snorraddóttir og Eiríkur Finnur Sigursteinsson komin á Sprengisand eftir 31 kílómetra langa leið.

MYND/ADSEND

Hjálparsveit skáta í Garðabæ stendur fyrir áheitaöngu: Gengið þvert yfir landið til góðs

Hjálparsveit skáta í Garðabæ stendur nú fyrir áheitaöngu fyrir þau Eddu Björk Gunnarsdóttur og Eyþór Fannberg heitinn, sem hafa bæði barist hetjulega við krabbamein síðastliðið ár. Eyþór tapaði baráttunni í janúar á þessu ári.

Gangan fer fram dagana 6.-26. júlí og er gengið frá Skógum til Siglu-fjarðar, eða þvert yfir landið.

Hægt er að fylgjast með gönguferðinni á heimasíðu hjálparsveitar-innar og á fréttaveitu Facebook-síðu hjálparsveitarinnar.

Myndin er tekin síðastliðið laugardagskvöld þegar Rakel Ósk Snorra-dóttir og Eiríkur Finnur Sigursteinsson voru nýkomin í skálann Versali á Sprengisandi eftir 31 kílómetra langa dagleið.

- ngy

700 keppendur tóku þátt: Vann hjólamót í fjórða skipti

ÍPRÓTTIR María Ögn Guðmunds-dóttir vann hjólamótið Kia Gull-hringinn í kvennaflokki í fjórða skipti. Keppnin var haldin í fjórða skipti á Laugarvatni síðastliðinn laugardag.

Elvar Örn Reynisson sigraði í karlaflokki.

700 keppendur tóku þátt í kepp-ninni, sem er metfjöldi þátttakenda frá upphafi mótsins.

Hjólað var samtals um 106 kíló-metrar og nutu keppendur veður-blíðunnar.

Allir keppendur komu heilir í mark fyrir utan nokkrar minni-háttar skrámur.

- ngy

Annasamt hjá lögreglunni: Ungir brutust inn í Laugardal

LÖGREGLUMÁL Þrír ungir menn reyndu að brjóta sér leið inn í hús í Laugardal aðfaranótt sunnu-dags. Mennirnir voru 16 og 17 ára gamlir og handteknir skömmu síðar. Málið var afgreitt með aðkomu foreldra piltanna.

Þá var ungur maður stöðvað-ur í annarlegu ástandi á Banka-stræti og vistaður í fangaklefa vegna ástands en ætluð fíkniefni fundust í vösum hans.

Þá var ræktun fíkniefna stöðv-uð í austurhluta höfuðborgar-svæðisins og einn vistaður í fangageymslu í tengslum við rannsókn málsins.

- sój

Færri nálgunarbönn veitt á Suðurnesjum

Á þessu ári hafa fórnarlömb heimilisofbeldis á Suðurnesjum aldrei fengið ósk sína um brottvísun ofbeldismanns af heimili uppfyllta. Einungis tvö nálgunarbönn hafa verið veitt á sama tíma. Lögreglustjóri segir að enn sé sömu skilyrðum fylgt.

LÖGREGLUMÁL Fórnarlömb heimilis-ofbeldis á Suðurnesjum hafa síður fengið samþykkt nálgunarbann eða brottvísun ofbeldismanns af heimili eftir að nýr lögreglustjóri tók við um síðustu áramót. Tölur sýna að þegar Sigríður Björk Guðjónsdóttir starf-aði sem lögreglustjóri á Suðurnesj-um var meirihluti beiðna brotaþola um slíkar aðgerðir samþykktur.

Það sem af er ári hafa beiðnir brotaþola um brottvísun ofbeldis-manns af heimili, hina svokölluðu austurrísku leið, aldrei verið sam-þykktar. Þá hefur nálgunarbann aðeins tvisvar verið samþykkt. Fimm sinnum hefur því verið hafn-að.


Árið 2013, í tíð fyrri lögreglu-stjóra, voru níu nálgunarbönn sam-þykkt en þremur hafnað. Þá var alltaf samþykkt að fjarlægja of-beldismann af heimili ef brotaþoli óskaði þess.

Ólafur Helgi Kjartansson, lög-reglustjóri á Suðurnesjum, segir að þeim aðgerðum sem ráðist var í í tíð fyrri lögreglustjóra hafi verið áfram haldið í hans tíð. „Verklag og reglur hafa ekki breyst. Það hefur ekki verið slakað á þeim kröfum sem gerðar eru til þess að heimilis-ofbeldismálum sé fylgt eftir.“

Undir þetta tekur Jóhannes Jens-son, aðstoðaryfirlögregluþjónn á Suðurnesjum. Hann segir ýmsar skýringar geti verið á því að nú séu hlutfallslega færri nálgunarbönn og brottvísanir samþykktar.

„Þar á meðal er ein skýring sú að við höfum verið að læra á þetta kerfi og rákum okkur á það í upphafi að ef menn brjóta bannið þá þarf brota-þolinn að kæra það. Fólk áttaði sig á því að ef við vorum að standa í

NÁLGUNARBANN OG AUSTURÍSKA LEIÐIN Á SUÐURNESJUM



NÝR STJÓRI Ólafur Helgi Kjartansson hóf störf um áramót. Áður hafði hann verið sýslumaður á Selfossi.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Fólk áttaði sig á því að ef við vorum að standa í þessu þvert á vilja brotaþolans þá var úrræðið ónýtt, þá var ekki hægt að fylgja því eftir.

Jóhannes Jensson yfirlögregluþjónn.

þessu þvert á vilja brotaþolans þá var úrræðið ónýtt, þá var ekki hægt að fylgja því eftir.

Jóhannes segir að hluta af skýr-ingunni megi rekja til þess að brota-þolar dragi stundum til baka beiðnir um nálgunarbönn eða brottvísanir. „Í einhverjum tilvikum var bara fallist á það hreinlega. Við getum

ekki verið inni á heimilum fólks til að athuga öllum stundum hver er þar. Við lentum í ákveðnum vanda þarna. Núna erum við hreinlega ekki að fara fram með kröfur og höfnum kröfum í þeim tilvikum þar sem brotaþolinn er ekki alveg með sitt á hreinu,“ segir Jóhannes Jensson.

snaeros@frettabladid.is

SÉRTILBOÐ

Frá kr. **139.900** m/allt innifalið

Torremolinos á

Costa del Sol

Roc Costa Park – 16. júlí í 11 nætur

Netverð á mann frá kr. 139.900 m.v. 2-3 í herbergi

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Fall kínverskra fjármálamarkaða hefur leikið þarlenda milljarðamæringa grátt: Fjögurra billjóna tap á tæpri viku

KÍNA, BLOOMBERG 27 ríkustu viðskiptajöfrar Kína og Hong Kong hafa tapað tæplega hundrað milljörðum Bandaríkjadala, um þrettán billjónum króna, á einum mánuði. Kínverskir markaðir byrjuðu að hrapa þann tólfta síðasta mánaðar. Þriðjungur taps-ins átti sér stað fyrri hluta síðustu viku áður en stjórnmöld gripu inn í.

Markaðir tóku kipp í kjölfar þess að stjórnmöld stöðvuðu öll viðskipti með verðbréf næsta hálfa árið. Frá því í júní höfðu markaðir fallið um þriðj-ung og ekki sá fyrir endann á því.

Kína er það land sem á flesta milljarðamæringa á eftir Bandaríkjunum. Til að mynda ná 27 þeirra inn á lista yfir 400 ríkustu menn heimsins. Eign-ir þeirra nema um 262 milljörðum dala, tæpum 35 billjónum íslenskra króna, en sú upphæð nemur um sex prósentum af samanlögðum eignum þeirra 400 ríkustu.

„Ég ætla rétt að vona að þessir menn átti sig á því að þetta voru allan tímann hálfgerðir platpeningar,“ segir Niklas Hageback, sem starfar í Hong Kong. „Það er nauðsynlegt ætli þeir að halda geðheilsu.“

Síðan í júní hafa markaðir fallið um þrjár billjónir



SPILAD Á SPIL Kínverskir fjárfestar styttu sér stundir í höfuð-borg Kína, Beijing.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

dala. Til samanburðar er rétt að nefna að það er um tuttuguföld sú upphæð sem áætlað er að afskriftir gríska ríkisins muni nema þegar upp er staðið.

- jóe

NÝTT
BRAGÐ

SUGARFREE GUM



WRIGLEY'S
Extra

x25

ORANGE
FLAVOUR

Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætufrnis í tyggigúmmi

Borða

Drekka

tyggja

WRIGLEY'S
Extra

SPURNING DAGSINS



Er lúpinan algjör pína?

Nær ávallt en þó pínu fín.

Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri hefur áhyggjur af útbreiðslu lúpinunnar á hálendi landsins.

Efnahagssvið SA telur Seðlabankann draga úr virkni peningastefnunnar:

SA ósammála Seðlabankastjóra

EFNAHAGSMÁL Efnahagssvið Samtaka atvinnulífsins ítrekar skoðun sína um að Seðlabanki Íslands dragi úr virkni peningastefnu sinnar með því að auka peningamagn í umferð.

Í Fréttablaðinu á föstudag var haft eftir Seðlabankastjóra að efnahagssviðið vanmæti umfang stýfðra inngripa bankans. Seðlabankastjóri sagði að bankinn myndaði mótvægi gegn gjaldeyriskaupum sínum með tvennum hætti. Viðskipti Eignasafns Seðlabankans hefðu dregið umtalsvert fé af markaði og með bundnum

reikningum innlánsstofnana hefði umtalsvert fé verið dregið inn frá áramótum, eða um 98 milljarðar.

Efnahagssvið SA bendir af þessu tilefni á að eignir sem hafi verið seldar úr Eignasafninu nemi um 24 milljörðum króna, sem sé lítið í sam-anburði við 200 milljarða gjaldeyrissinngríp sem bankinn hefur stund-að. Einnig telur efnahagssviðið að bundnar innistæður innlánsstofnana frá ársbyrjun 2014 til júní 2015 hafi dregist saman um 38 milljarða og að mikilvægt sé að skoða lengri tíma



ÓSAMMÁLA Seðlabankinn segist ekki úr vægi peningastefnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þróun frekar en einungis til skamms tíma líkt og Seðlabankastjóri geri.

- sfs

Fasteignaverð hækkar í júlí:

Verðbólga enn undir markmiði

Tólf mánaða verðbólga hækkar úr 1,5 prósentum í 1,6 prósent í júlí, samkvæmt verðbólguþspá Capacent. Vísitala neysluverðs hækkar um 0,1 prósent. Gangi þetta eftir hefur verðbólgan verið samfelld í 18 mánuði undir verðbólguþspá Seðlabankans. Verðbólgan var síðast yfir verðbólguþspá í janúar 2014.

Gert er ráð fyrir að fasteignaverð hækki um eitt prósent í júlí sem hefur áhrif á hækkan tólf mánaða verðbólgunnar.

- jhh



VÍGAMAÐURINN Seifeddine Rezgui banaði 38 manns í síðasta mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/APP

Vilja halda vígamönnum úti:

Aðskilnaðarmúr reistur í Túnis

TÚNIS Yfirvöld í Túnis tilkynntu í gær áform sín um að reisa 160 kílómetra langan vegg við landamæri Líbíu.

Markmið framkvæmdanna er að halda herskám islamistum utan landsins. Áætluð verklok eru í lok ársins í ár.

Vígamaður myrti 38 ferðamenn í Túnis í síðasta mánuði en vísbendingar eru um að hann hafi hlotið þjálfun í Líbíu. Neyðarástandi var lýst yfir í Túnis í kjölfarið.

- sfs

Valinn úr 60 manna hópi:

Stýrir starfi RKÍ í Reykjavík

SAMFÉLAG Þórir Guðmundsson hefur verið ráðinn deildarstjóri Rauða krossins í Reykjavík. Hann hefur undanfarnar ár stýrt alþjóðastarfi Rauða krossins hér á landi og aðstoð við hælisleitendur og flóttamenn.

Þórir var valinn úr hópi tæplega 60 umsækjenda, en staðan var auglýst í byrjun júní. Rauði krossinn í Reykjavík rekur meðal annars athvörfin Vin fyrir fólk með geðraskanir og Konukot fyrir heimilisláusar konur. Sjálfboðaliðar Rauða krossins í Reykjavík heimsækja einmana fólk, hjálpa börnum innflytjenda með heimanám og sinna fleiri störfum.

- jhh

Myndhöggvarar munnhöggvast um frávíkningu

Ásmundur Ásmundsson og Hannes Lárusson myndlistarmenn voru reknir úr Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur. Ásmundur segir um ofsóknir og einelti að ræða. Formaður félagsins segir þá rekna á löglegan hátt.

SAMFÉLAG „Þetta eru ofsóknir og einelti sem er algjörlega farið úr böndunum,“ segir Ásmundur Ásmundsson myndlistarmaður, sem rekinn var úr Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur á aðalfundi félagsins í lok maí.

Ákveðið var að vísa honum og Hannesi Lárussoni myndlistarmanni úr félaginu eftir leynilega atkvæðagreiðslu.

Á fundinum var lesin upp nafnlaus tillaga þar sem lagt var til að þeim yrði vísað úr félaginu. Margir fundarmenn voru ósáttir við að tillagan væri nafnlaus og bar þá fjálgmaður upp tillöguna óbreytta fyrir fundinn í eigin nafni. Gengið var til atkvæðagreiðslu og niðurstaðan var að víkja þeim úr félaginu.

Eftir kosninguna var það upplýst að Kristinn Hrafnsson listamaður var sá sem bar upp upprunalegu nafnlausu tillögunu.

„Þetta með ofbeldið og þjófnaðinn eru bara dylgjur og til skammar fyrir félag sem nýtur opinberra styrkja frá borginni,“ segir Ásmundur, en í tillögunni segir að Ásmundur hafi ekki greitt leigu fyrir vinnuáðstöðu sem hann leigir af félaginu og sé því um þjófnað að ræða. Þá segir í tillögunni að Ásmundur og Hannes hafi rústað kaffistofu félagsmanna og lagt hana undir sig með ofbeldi.

Ásmundur vísar öllum ásökunum á bug og spyr hvort ekki sé eineltisstefna hjá borginni sem fara þurfi eftir. „Ég er alveg klár á því að þetta tengist meidýrðamálinu og deilunum milli okkar Kristins,“ segir Ásmundur og vísar í deilur milli sín og Kristins. Kristinn skrifaði í grein sinni að Ásmundur



LOGI BJARNASON

væri kunnastur fyrir að eyðileggja listaverk annarra listamanna. Í kjölfar ummælanna höfðaði Ásmundur meidýrðamál gegn Kristni og hélt því fram að Kristinn væri með þessum orðum að gera persónulega árás á sig og sinn starfsheildur. Ásmundur tapaði málinu fyrir dómi.

„Þeir sprejuðu hatusáróður á kaffistofu félagsins og frömu þannig skemmdarverk. Kaffistofan er ekki vettvangur sýningar,“ segir Logi Bjarnason, formaður Myndhöggvarafélagsins. Hann bætir því við að Ásmundur og Hannes hafi verið með yfiringang og frekju og að það sé almenn óánægja með þá á meðal félagsmanna.

Logi segir að þeim hafi verið víkið úr félaginu á löglegan hátt. Halda á annan aðalfund í lok sumars að sögn Loga og gæti þá vel komið önnur tillaga um að þeir verði teknir inn í félagið aftur.

Ragnhildur Jóhannsdóttir, myndlistarmaður og stjórnarmaður félagsins, segir aðalmálið vera hegðun Ásmundar og Hannesar. „Þeir hafa verið að grýta hlutum og hafa króað fólk af. Það hefur verið gengið svo langt að þeir hafa grætt félagsmenn,“ segir Ragnhildur sem harmar það að tillagan hafi komið frá Kristni. „Þetta lítur út fyrir að vera einhver hrútakeppni en það hefur alltaf einhver annar sett þessa tillögu fram.“

nadine@frettabladid.is



OFFSÓKNIR OG EINELTI Ásmundur Ásmundsson myndlistarmaður er ósáttur við brottrekstur sinn úr Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ekki sátt



HULDA HÁKON

á fundinum hefði hún mætt. „Ég mætti ekki á þennan fund því fyrr í vor var haldinn fundur um þetta málefni og ég hélt að það væri búið að ljúka málinu.“

Líklega er lausn í sjónmáli í kjarnorkuviðræðum stórveldanna sex við Íran:

Framtíðarfyrirkomulag í augnsýn

Talið er líklegt að lausn sé loks í sjónmáli í kjarnorkuviðræðum stórveldanna sex við Íran og að samningurinn verði kynntur hlutaðeigandi aðilum á morgun.

Viðræður hafa staðið yfir í Víðarborg undanfarna mánuði og lokafrestur ítrekað komið og farið. Vesturveldin hafa sagt ekkert liggja á, en Íranar hafa sakað þau um að draga lappirnar í viðræðunum.

Framtíðarfyrirkomulag virðist nú loks í augnsýn og þrettán ára pattstöðu því hugsanlega lokið.

Rammasamkomulag náðist í apríl en í því felst að Íranar dragi verulega úr kjarnorkuáætlan sinni og takmarki auðgun úrans og annarra geislavirkra efna sem mögulega væri hægt að nota í kjarnorkuvopn. Í staðinn verður dregið verulega úr alþjóðlegum viðskipta-




þvingunum og bönnunum gegn Íran, sem hafa leikið efnahag landsins grátt árum saman.

- sks

LAUSN? Talið er líklegt að lausn sé loks í sjónmáli í kjarnorkuviðræðum stórveldanna sex við Íran.

FRÉTTABLAÐIÐ/EP



Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Pantaðu ókeypis heyrnarmælingu í síma **568 7777** og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN

Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrri stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyrja Apple Inc., skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

Ford Fiesta er
mest seldi smábíll Evrópu



Nýi besti vinur þinn?

➤ **Ford Fiesta frá 2.390.000 kr.** Glæsilegur staðalbúnaður
Komdu og prófaðu
mest selda smábíl Evrópu

5 dyra • MyKey • Fáanlegur með vél ársins (*International Engine of the Year*) þrjú ár í röð • Hiti í framsætum
3,5 tommu upplýsingaskjár • AUX og USB tengi • Fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur • Samlitaðir stuðarar
Rafdrifnir og upphitanlegir hliðarspeglar • Tvískipt niðurfellanleg aftursæti 60/40 • Samlituð vindskeið • 6 hátalarar
Einstaklega rúmt farangursrými (290 lítra) • Frábær í endursölu • Start Stop spartækni • Brekkuaðstoð
Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna • Samlitaðir hliðarspeglar • EasyFuel
ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn • Ofnæmisprófuð efni í innréttingu • Fáanlegur sjálfskiptur á frábæru verði
5 stjörnu öryggi • Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns



20 ára afmæli
Ford hjá Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17.
Opnið á laugardögum frá og með 8. ágúst.

ford.is

Ford Fiesta, bensín 65 hð/EcoBoost 100 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO₂ 99 g/km.

Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hð, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO₂ 114 g/km.

Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað mun kosta að leggja fólksbíl á Þingvöllum þegar gjaldtaka hefst þar?
2. Hvers lags mataræði leggur Arnór Sveinn Aðalsteinsson stund á?
3. Unnur Eggerts dansar á tónleikum rappara í haust. Hvaða rappara?

SVAR: 1. 500 krónur. 2. Vegan. 3. Snoop Dogg.

Stækkun laxfiskaeldis í Dýrafirði ekki háð umhverfismati:

Tvöfalda sjókvíaeldi í Dýrafirði

NÁTTÚRA Dýrfiskur ehf. á Tálknafirði hefur fengið samþykkt að tvöfalda sjókvíaeldi sitt í Dýrafirði, úr tvö þúsund tonnum á ári í fjögur þúsund tonn. Skipulagsstofnun telur þessa stækkun ekki háða umhverfismati.

Sjókvíaeldi hefur því aldrei farið í umhverfismat í Dýrafirði.

Fyrirtækið hyggst auka framleiðsluna í 4.000 tonn á ári og leggur áherslu á eldi regnbogasilungs, sem byggir á innfluttum hrognum frá Danmörku. Mögulegt sé að

síðar verði farið í eldi á laxi og þá verði notast við laxastofn frá Stofn-fiski hf., sem sé af norskum upp-runna.

Árni Friðleifsson, formaður SVFR, telur æskilegt að náttúran fái að njóta vafans. „Okkar skoðun er sú að laxfiskaeldi í sjó sé varhugavert. Það hafa orðið slys, eins og dæmin sanna. Eldisfiskur sleppur þannig úr kvíum. Við eigum að reyna að huga að náttúru eins mikið og hægt er og fordæmum laxfiskaeldi í sjó sem slíkt,“ segir Árni. - sa



TÁLKNAFJÖRÐUR Sjókvíaeldi Dýrfisks hefur höfuðstöðvar á Tálknafirði og eru áform um stóraukið sjókvíaeldi á næstu árum.

Hjartveikir sóttir af gæslunni:

Tvær þýrlur í sjúkraflugi

BJÖRGUN Tvær þýrlur Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF og TF-GNÁ, sinntu sjúkraflugi samtímis í gær. Stjórnstöð gæslunnar barst rétt fyrir hálfímm í gær beiðni um aðstoð þýrlu vegna hjartveiks manns vestast á Snæfellsnesi.

Stuttu síðar barst önnur beiðni vegna hjartveiks ferðamanns sem staddur var á Hornbjargi, en þar voru aðstæður erfiðar vegna þoku. Báðar lentu þær í Reykjavík um kvöldmatarleytið.

- fbj

Niðurstöður rannsókna birtar:

Fimm ný ebólu-tilfelli í Líberíu

LÍBERÍA Niðurstöður rannsókna sem birtar voru um helgina gefa til kynna að fimm ný ebólutilfelli sem komið hafa upp í Líberíu að undanfögnu séu um margt eðlislík þeirri veiru sem geisaði í vesturhluta Afríku undir lok síðasta árs. Frá þessu er greint á Reuters.

Talið er að ebóluveiran hafi aldrei horfið úr ríkinu Líberíu að fullu, þrátt fyrir að stjórnvöld í landinu hafi lýst því yfir í maí síðastliðnum.

- ngy

Sofnaði út frá sjóðandi eggi:

Braut sér leið inn með dekki

BRUNÍ Lögreglan á Vesturlandi var kölluð út um klukkan átta í gærmorgun eftir að tilkynning barst um reyk úr íbúð á stúdenta-görðunum á Bifröst.

Engan sakaði og voru skemmdir minniháttar, að sögn Guðjóns Fr. Jónssonar, verkstjóra á húsnæðissviði. Samkvæmt heimildum sofnaði húsráðandi út frá sjóðandi eggi sem fyllti húsið af reyk og braut nágranni sér því leið inn í íbúðina með því að kasta dekki inn um eina rúðuna.

- sks



KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA Ef brennsluofninn yrði nýttur að fullu verða til 65 tonn af ösku á hverju ári sem þarf að koma fyrir.

Vilja brenna 2.000 tonn af dýrahræjum

Kaupfélag Skagfirðinga hefur óskað eftir leyfi til að setja upp brennsluofn við sláturhús sitt á Sauðárkróki. Vilja leyfi til að brenna allt að sex tonn af dýrahræjum á dag. „Málið er nú í athugasemdaferli,“ segir framkvæmdastjóri HNV.

SAUÐÁRKRÓKUR Kaupfélag Skagfirðinga hefur óskað eftir samþykki Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra til að setja upp brennsluofn við sláturhús KS við Háeyri á Sauðárkróki. Hafa þeir óskað eftir nýju starfsleyfi þess efnis.

Starfsleyfið sem kaupfélagið óskar eftir snýst meðal annars um að KS starfræki brennsluofn við sláturhúsið hjá sér og hafi þannig heimild til að brenna allt að 6 tonnum á dag af eigin úrgangi, dýrahræjum og áhættuvefjum úr sláturhúsi KS. Því er ósk KS að eftirlitið veiti fyrirtækinu heimild til að brenna allt að 2.200 tonnum af dýrahræjum á ári.

Heilbrigðiseftirlitið samþykkti á síðasta fundi sínum, þann 1. júlí síðastliðinn, að auglýsa eftir athugasemdum um starfsleyfið og gefa þannig öllum þeim sem málið

varðar tækifæri til að kynna sér tillögur og skila inn athugasemdum.

Sigurjón Þórðarson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, segir tillögurnar nú til skoðunar og að beiðni verði eftir athugasemdum. „KS er ekki leyfilegt að brenna úrgangi frá öðrum, aðeins eigin úrgangi frá sláturhúsinu. Þarna er sláturhúsið að reyna að koma í veg fyrir urðun á sýktu kjöti og vill því hafa heimild til að brenna það á svæði sínu.“

Þegar Sigurjón er spurður hvort það sé ekki svolítið vel í lagt að leyfa sláturhúsinu að brenna næstum 2.200 tonn af lífrænum úrgangi á ári segir hann mjög ólíklegt að KS nýti sér heimildina að fullu. „Sláturhúsi er auðvitað í mun að brenna eins lítið og hægt er af matvælum,“ segir Sigurjón. „En ég áréttar að það hefur ekkert

„Sláturhúsi er auðvitað í mun að brenna eins lítið og hægt er af matvælum.“

Sigurjón Þórðarson, framkvæmdastjóri HNV.

leyfi verið gefið út enn og tillögurnar eru bara í athugasemdaferli. Það er hins vegar gott að fá umfjöllun um málið og að bæjarbúar kynni sér málið.“

Umræddur brennsluofn, sem gæti afkastað rúmlega tvö þúsund tonnum af úrgangi, verður staðsettur við Háeyri, nyrst í bænum. Upplýsingar frá framleiðanda þess brennsluofns sem KS hefur hug á að kaupa tekur fram að útblástursmælinga sýna að búnaðurinn uppfyllir viðmið sem sett eru í Evrópulöggjöf um brennslu úrgangs.

sveinn@frettabladid.is

Innflutningur frá Kína hefur ekki aukist eftir að fríverslunarsamningur tók gildi:

Segir fríverslun við Kína vonbrigði

VERSLUN Innflutningur frá Kína hefur ekki aukist jafn mikið og gert var ráð fyrir eftir að fríverslunarsamningur við landið tók gildi.

Fríverslunarsamningur milli Íslands og Kína var undirritaður 15. apríl 2013 og tók samningurinn gildi 1. júlí í fyrra. Margir bundu miklar væntingar við samninginn, þar á meðal forsvarsmenn verslunar hér á landi.

„Þegar við horfum á tölurnar, berum saman innflutningstölur bæði 2013 og 2014 í samanburði við fyrstu fimm mánuði þessa árs til dæmis, þá er ekki að sjá að það hafi orðin nein stökkbreyting í innflutningi á varningi frá Kína á þessu tímabili,“ segir Andrés

Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, sem telur reynsluna af samningnum vera vonbrigði.

Hann bendir á að til þess að hægt sé að nýta sér þau fríðindi sem samningurinn skapar þarf innflutningurinn að vera beinn frá Kína til Íslands. Ef vara er tollafgreidd í öðru ríki á leiðinni hingað falli öll fríðindi niður. Smærri innflytjendur eigi því í erfiðleikum með að nýta sér samninginn.

- gag

ANDRÉS MAGNÚSSON Fríverslunarsamningur milli Íslands og Kína var undirritaður 15. apríl 2013.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



Ég lifði af

Skjót fyrstahjálpi, hjartahnoð og hjartastuðtæki björguðu lífi mínu

HeartSine

Donna

Sími 555 3100 www.donna.is

GRJÓNAGRAUTUR

alveg mátulegur

Nú einnig í litlum umbúðum – fullkominn skammtur fyrir einn

TILBÚINN TIL NEYSLU

SÍÐASTI SÉNS!



TAX FREE

SNYRTIVÖRU DAGAR

DAGANA 9.-13. JÚLÍ
AFNEMUM VIÐ VIRÐISÁUKASKATT*
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

SVONA ERUM VIÐ



242.743 Íslendingar voru skráðir í Þjóðkirkjuna í byrjun árs 2015.

18.458 manns voru skráðir utan trú- og lífsskoðunarfélaga á sama tíma.

Byggir á því að vönduð meðferð upplýsinga sé lykilþáttur í starfsemi borgarinnar:

Ný upplýsingastefna samþykkt

REYKJAVÍK Ný upplýsingastefna Reykjavíkurborgar var samþykkt á fundi borgarráðs síðastliðinn fimmtudag. Hún var unnin af stýrihópi á vegum stjórnkerfis- og lýðræðisráðs og tekur við af eldri stefnu frá árinu 2000.

Upplýsingastefnan, sem varð til í víðtæku samráðsferli, byggist á þeim grunni að vönduð meðferð og miðlun upplýsinga sé lykilþáttur í starfsemi borgarinnar. Henni er ætlað að gera aðgang að upplýsingum og þjónustu við borgarbúa

greiðari, skilvirkari og markvissari.

Stefnan nær til allra fagsviða borgarinnar, ráða og nefnda, stofnana, starfseininga, kjörinna fulltrúa, fyrirtækja og byggðasam-laga í meirihlutaeigu borgarinnar.

Til að tryggja að meginmarkmið stefnunnar nái fram að ganga verður gerð aðgerðaáætlun til tveggja ára í senn. Stjórnkerfis- og lýðræðisráð ber ábyrgð á því að meta árangur þeirrar áætlunar.

- ngy



NÝ STEFNA Stefnan nær til allra fagsviða borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Dómurunum fjölgað:

Dómara vantar við Hæstarétt

STJÓRNSÝSLA Innanríkisráðuneytið hefur auglýst laust til umsóknar embætti dómara við Hæstarétt Íslands. Skipa á í embættið frá og með 1. október 2015 eða hið fyrsta eftir að nefnd um hæfni dómara hefur lokið starfi sínu.

Lög um tímabundna fjölgun dómara við Hæstarétt voru samþykkt á nýliðnu þingi til að mæta miklum málafjölda við réttinn. Í lögunum kemur fram að tíu dóm-arar eigi að starfa við réttinn til ársins 2017.

- fbj



ÁHUGALAUS Hundurinn var áhugasamari um myndavélina en hjólin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tour de France-keppnin stendur yfir um þessar mundir:

Þeytast á hjólum um Frakkland

FRAKKLAND Þetta er í 102. skiptið sem Tour de France-hjólreiðakeppnin fer fram en hún er af mörgum talin sú erfiðasta í heiminum. Keppendur hjóla samtals 3.358 kílómetra leið á 21 degi. Lengstu dagleiðirnar eru 224 kílómetrar. Lagt var af stað í Utrecht í Hollandi 4. júlí en þaðan liggur leiðin meðal annars um Belgíu áður en hún endar 26. júlí í París.

Sem stendur er það Bretinn Chris Froome sem leiðir keppnina og klæðist hann því hinn eftirsóttu gulu treyju á næstu dagleið.

- jõe

Stífluð holræsi í Welshpool:

Fjarlægðu 120 metra af fitu

WALES Bæjarstarfsmenn í Welshpool í Wales þurftu að fjarlægja 120 metra af fitu úr holræsagöngum í bænum síðastliðinn föstudag.

Bæjarbúar höfðu tekið eftir því að vatn flæddi upp úr holræsum og voru bæjarverkfræðingar kallaðir til.

Fitumagnið byggist upp þegar fólk sturtar niður miklu magni af steikingarfitu, sem kólnar í holræsinu og myndar stíflu. Það tók bæjarstarfsmenn fimm klukkustundir að hreinsa 120 metra langan fitutappann úr ræsinu.

- srs

Carter styður hinsegin fólk:

Jesús samþykkir hjónavígslur

BANDARÍKIN „Ég trúi því að Jesús myndi samþykkja samkynta hjónavígslur, en það er bara mín persónulega trú,“ sagði Jimmy Carter, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, við blaðamann Huffington Post í síðustu viku þar sem Carter tjáði sig um úrskurð hæstaréttar Bandaríkjanna sem sneri að því að hjónavígslur samkynta para yrðu gerðar löglegar um land allt.

„Ég held að Jesús myndi hvetja til hvers kyns ástarsambands svo lengi sem það væri einlægt og skaðaði ekki aðra. Ég sé ekki að hjónavígslur samkynta para skaði neinn,“ bætti hann við.

- þea



SÆBÓL Í ÖNUNDAFIRÐI Sjávarrof hefur eyðilagt minjar við Sæból, sem getið er í Landnámu.

MYND/INGRID KUHLMAN

Ágangur sjávar ógnar landnámsminjum

Fjöldi fornminja og gamalla verbúða víða um land liggur undir skemmdum vegna sjávarrofs. Sjávarrof hefur eyðilagt minjar við Gufuskála þar sem björgunaruppgröftur á sér stað. Margar minjanna eru allt frá landnámsöld.

FORNMINJAR „Ástandið er slæmt, það verður bara að segjast eins og er,“ segir Eypór Eðvarðsson, formaður Fornminjafélags Sýnganda-fjarðar.

Mikið sjávarrof á sér stað víðs vegar um landið þar sem gamlar fornminjar eru að finna. Margar þessara fornminja eru frá landnámsöld og hafa lítið verið rannsakaðar. Á Gufuskálum á Snæfellsnesi hafa merkilegar fornminjar eyðilagst í sjávarrofi en björgunaruppgröftur hefur átt sér stað á svæðinu undanfarin ár.

„Svo eru mikil verðmæti til dæmis í moldinni þarna,“ segir Eypór. „Hún er mikilvægur partur af þessu. Til dæmis á Gufuskálum erum við með átta metra háan jarðvistarhaug. Sem er bara einstakt. Það er þar sem menn eru að finna skartgripa frá fólki á land-



EYPÓR EÐVARÐSSON

námsöld. Þessar minjar eru nú í hættu,“ segir hann. „Maður er að koma á staði eins og Sæból í Önundarfirði sem er nefnt í Landnámu, einn af þessum stóru stöðum, og þar er rofið orðið það mikið að það eru eitt til þrjú tonn af torfum fallin niður og maður horfir inn í rofsárið og sér bein, steinahleðslur og mannvistar-leifar sem eru ábyggilega þúsund ára gamlar.“

Hann segir að leita þurfi allra leiða til að varðveita minjarnar. Fólk hafi áhuga á málefnum en átti sig kannski ekki á því hve mikil hætta steðjar að minjunum.

„Það sem þarf að gera er ná böndum utan um þetta, við vitum hreinlega ekki hvað eru margar svona minjar við Ísland. Þetta er meira og minna órannsakað. Það sem Skotar hafa til dæmis gert er að hugsa aðeins út fyrir kassann en þeir eru byrjaðir að færa minjar sem eru við sjávarsíðuna og eru búnir að koma upp vaktkerfi í kringum landið sem í er bara áhugafólk. Ef þetta væri á Íslandi gæti til dæmis hver fjórður passað upp á sínar minjar,“ segir Eypór.

Hann segir að þó að áhugafólk geti gert mikið til að passa upp á fornminjar þurfi að verja meira fjármagni til varðveislu þeirra.

„Það bara vantar peninga. Það eru um 30 milljónir sem ríkið ver til fornleifarannsókn á ári, sem er allt of lítið.“ stefanraf@frettabladid.is

Gæða viftur - margar gerðir



Fáðu gust úr vandaðri Honeywell viftu

Honeywell

Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna.ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

Donna

Sími 555 3100 www.donna.is

Vatnsmagn á götum borgarinnar Shangyu er mikið og eru bílar á bólakafi:

Milljón manns flýja heimili sín

KÍNA Um milljón manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín í Kína en fellibylurinn Chan-Hom stefnir nú óðfluga á landið.

Íbúar borgarinnar Shangyu í austurhluta landsins hafa orðið einna verst fyrir bardinu á storminum en heimkynni þeirra eru nú svo gott sem algjörlega á floti.

Björgunarsveitir hafa þurft að nýta sér hraðbáta til að komast til íbúa Shangyu, sem margir eru innilokaðir á heimilum sínum.

Vatnsmagnið á götum borgarinnar er mikið og eru bílar á bólakafi.

Íbúar Shangyu eru um 800 þúsund talsins en borgin er sögufræg fyrir að hafa getið af sér marga fræði- og embættismenn í gegnum aldirnar.

Vindhraði Chan-Hom hefur náð allt að 173 kílómetrum á klukkustund, eða um 48 metrum á sek-



STORMUR Björgunarsveitir hafa þurft að reiða sig á hraðbáta til að ná til innlyksa fólks.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

úndu. Talið er að stormurinn sé sá öflugasti í Zhejiang-héraði frá árinu 1949.

Mikil flóð og aurskriður hafa

fylgt í kjölfar veðurofsans sem nú stefnir norður. Lestar- og flugsamgöngur liggja niðri en ekki hafa borist fréttir af manntjóni.

- soj



Nýjar vörur frá Gala!



Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað í sumar.
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is 

**INNRETTINGAR
& TÆKI**
- fyrir þitt heimili

SAMSUNG

Til merkis um að góðir hlutir gerast hratt

Heimilistækin frá Samsung eru í fremstu röð og búin allri nýjustu tækni og þægindum eins og sjónvörpin og símarnir. Góðir hlutir gerast hratt hjá Samsung.



RB29FSRNDSS

Kælin - frystir

178 cm skápur. 192+98 ltr.

Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.

Verð: 99.900,-



RB29FSRNDWW

Kælin - frystir

178 cm skápur. 192+98 ltr.

Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.

Verð: 89.900,-



RS7567THCSP

"Amerískur" Kæliskápur

Stál útlit. Tvöfalt kæli kerfi.

Vatn og klaki.

Verð: 239.900,-



WW80H7400EW/EE

8 kg Þvottavél

- Kolalaus mótur með 10 ára ábyrgð
- 1400 snúningar
- Ecobubble
- Demantatromla
- Orkunotkun A+++

Verð: 109.900,-



DV80H8100HW/EE

8 kg Þurrkari

- Varmadæla sem sparar orku
- Barkalaus
- Demantatromla
- Rakaskynjari
- Orkunotkun A++

Verð: 134.900,-



WF70F5E4P4W

7 kg Þvottavél

- Kolalaus mótur með 10 ára ábyrgð
- 1400 snúningar
- Ecobubble
- Demantatromla
- Orkunotkun A+++

Verð: 89.900,-



DV70F5E0HGW

7 kg Þurrkari

- Varmadæla sem sparar orku
- Barkalaus
- Demantatromla
- Rakaskynjari
- Orkunotkun A+++

Verð: 124.900,-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	--	---	--	------------------------------------

Menning í miðborginni víki fyrir ferðabjónustu:

Meiri bullukollarnir

Flest höfum við gaman af því að ferðast og sjá meira af heiminum en við gerum í okkar daglega lífi. Stundum förum við um víðáttu og fegurð íslenskrar náttúru en svo er líka gaman að koma út í hinn stóra heim. Flatmaga á sólarströnd, skella sér í verslunarleiðangur, skoða náttúru, mannlíf og menningu sem er engu lík. Af nógu er að taka því heimurinn er stór.

Fátt vitum við svo meira í frásögur færandi en þegar við finnum eitthvað úti í þessum stóra heimi sem er ósnert, upprunalegt og staðbundið, eða orginal og kúl eins og sagt er á góðri íslensku. Og þetta er einmitt það sem hefur heillað þá útlendinga sem heim-sækja Ísland. Víðátta ósnertrar náttúru, óbeisluð orka íslenskra djammara, rokkið í Reykjavík, listin, lífið og mannlífið.

Þetta er ástæðan fyrir því að erlendum ferðamönnum á Íslandi fjölgar hraðar en kanínustofninum í Öskjuhlíð og að ýmsu leyti er það hið besta mál. Allir þessir ferðamenn skila miklum tekjum í þjóðarbúið og það alvöru útlenskum peningum sem gleðja skarfana í Seðlabankanum mikið. Gott mál og allir glaðir. Eða hvað?

Eins og Íslendinga er von og vísa ætla nú margir að verða ríkir á þessari gósentíð útlendra peninga og það alveg bremsulaust. Og miðborg Reykjavíkur, sem hefur löngum verið hjarta lista- og menningarlífs landsmanna, virðist ætla að verða illa úti. Keyrð í kaf af tuskulundum, lopafatnaði og gistirýmum í hverju einasta skúmaskoti sem losnar. Mikið af þessu húsnæði losnar reyndar af þeim sökum að íbúarnir, fólkið sem gerir miðborgina byggilega og heillandi, flæmist burt undan drunum langferðabíla, drynjandi ferðatöskum og að ógleymdu hækkandi fasteigna- og húsaleigu-verði.

Nú eru til að mynda uppi áætlanir um að skemmtistaðir við Tryggvagötu víki fyrir lopalundabúðum og þetta eru staðir sem hafa gert sér far um að vera virkir í tónlistarlífinu. Þangað er hægt að skreppa á mánudagsdjass og þar hefur Iceland Airwaves verið með fjölda tónleika svo eitthvað sé nefnt. Sem sagt tónlistarviðburðir sem útlendingarnir koma til að sjá og heyra eiga að fara eitthvert annað svo það sé hægt að setja upp fleiri minjagripaverslanir.

Það má vera að þessi breyting sé ekki besta dæmið. Að húsin verði fallegri og betri og útkoman hagstæðari fyrir þjóðarbu morgundagsins. En til lengri tíma lítið er öll þessi þróun innan miðborgarinnar óheillavænleg og það vita allir Íslendingar sem hafa einhvern tímann ferðast út fyrir landsteinana. Því vonandi eru Íslendingar ekki að ferðast langar vegalengdir til þess eins að skella sér í minjagripaverslanir eða að láta fóðra sig á tilbúinni sölumenn-ingu.

Þetta er því þróun sem borgaryfirvöld verða að hafa eitthvert taumhald á og það er auðvitað vel gerlegt. Í útlöndum er t.d. að finna fjölmörg dæmi um það hvernig er hægt að koma takmörkunum á fjölda gistirýma, bílaumferð, verslunarstarfsemi og annað sem hefur áhrif á götumyndina og mannlífið sem þar þrífst. Vissulega hefur talsvert verið talað um að eitthvað gæti mögulega þurft að gera. Ráðstefnur haldnar og útlenskir sérfræðingar sagt okkur að við verðum að gripa í taumana. En við virðumst ætla að láta þar við sitja enda vita þessir útlendingar ekkert um hvað þeir eru að tala – ekki frekar en þessir sem bentu okkur á að íslensku bankarnir væru orðnir of stórir fyrir okkar litla hagkerfi. Það voru nú meiri bullukollarnir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLÁG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Travel John ferðaklósett leysa málið

Fyrirferðaltil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Engin kemísk efni, engin þríf, aðeins tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir notkun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrifa þau.



Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 1.280,- Klósettþokar 3 stk. í pakka kr. 1.370,- Klósettstóll kr. 6.820,- Tilboð ásamt 3 pökkum af pokum kr. 8.500,- fæst hjá Donnu, Móhelli 2, Hafnarfirði. Póstsendum.



Sími 555 3100 www.donna.is



TravelJohn

FRÁ DEGI TIL DAGS

Stefna Sjálfstæðisflokksins
Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, sagði lausnina á húsnæðisvanda ungs fólks í Reykjavík felast í að úthluta fleiri lóðum í borginni í hádegisfréttum Bylgjunnar í gær. Flokksbróðir Kjartans, borgarfræðingurinn og fyrrverandi borgarfulltrúinn Gísli Marteinn Baldursson, var þó ekki á sömu línu og samherjinn. Gísli deildi frétt um málið á Twitter þar sem hann sagði að hugmyndafræði Kjartans væri „gjörðsamlega úrelt“. Gísli sagði að í ódýrum lóðum fælust ný úthverfi og spurði hvort þetta væri stefna Sjálfstæðisflokksins.

Vill unga fólkið lóðir?
Lífleg umræða skapaðist á Twitter um málið í

kjölfarið. Einhver sagðist aldrei hafa hitt unga manneskju sem væri á höttunum eftir lóð. Gísli bætti því við að ódýrar lóðir væri aðeins að finna í lélegum úthverfum og velti því upp hvort unga fólkið væri að biðja um það. Skipulagsfræðingurinn Guðmundur Kristján Jónsson sagði ekkert vera til sem heitir ódýrar lóðir. Þrátt fyrir að Gísli sé ekki hluti af borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna lengur kristallast í þessu litla dæmi vandi flokksins. Húsnæðisvandi ungs fólks verður ekki leystur með „ódýrum“ lóðum á líft eftirsóttum svæðum.



Stokkið á vagninn
Flokksystir þeirra Kjartans og Gísla Marteins, þingmaðurinn Elín Hirst, nældi sér í auðsóttar vinsældir um helgina þegar hún sagði það „út í hött“ að ræða byggingu nýrra höfuðstöðva Landsbankans við Austurhöfn á meðan það skorti fé til að byggja nýjan Landspítala. Í blogg færslu sem Elín birtir segir hún það eiga að vera margfalt ofar á forgangslistanum að byggja nýjan spítala og að það sé út í hött að vera að ræða þessa hluti yfirleitt. Þó að Elín hafi mögulega eitthvað til síns máls um íburð nýrra höfuðstöðva Landsbankans þá eru það alltaf svolítið ódýr stig að vinna sér inn að bera saman eplin og appelsínurnar sem spítali og bankahöfuðstöðvar eru.

fanney@frettabladid.is

HALLDÓR



Ábyrgð skilar árangri

KJARAMÁL



Guðrún Hafsteinsdóttir
formaður Samtaka iðnaðarins og varaformaður Samtaka atvinnulífsins

Að baki er ein snúnasta kjarasamningalota sem aðilar vinnumarkaðarins hafa átt aðild að. Verkefnið var ekki einfalt enda kröfugerð launþegahreyfingarinnar hærri en okkur óraði fyrir. Á sama tíma var ljóst að svigrúm til mikilla launa-hækkana var takmarkað. Þessa gjá þurfti með einhverjum hætti að brúa. Eftir því sem leið á samningsferlið var ljóst að atvinnurekendur vildu reyna til þrautar að komast hjá vinnustöðvunum sem hefðu getað valdið óbætanlegum skaða. Það tókst sem betur fer en var dýru verði keypt.

Ljóst er að samningarnir koma mjög misjafnlega niður á fyrirtækjum eftir því hvers konar starfsemi fer þar fram. Inni í samningum er varnagli frá hendi launþega um að ef verðlag hækkar umfram laun komi til endurskoðunar á kjarasamningum í febrúar ár hvert. Þarna liggur ábyrgð okkar atvinnurekenda. Við megum ekki láta það henda að forsendur samninga bresti. Nú þegar hafa allmörg fyrirtæki tilkynnt um hækkanir og í ýmsum tilvikum má færa ágæt rök fyrir þeim. Því er hins vegar ekki að leyna að sumar hækkanir komu jafnvel fram áður en bleikið á samningum var þornað. Komi til endurskoðunar á kjarasamning-

→ Inni í samningum er varnagli frá hendi launþega um að ef verðlag hækkar umfram laun komi til endurskoðunar á kjarasamningum í febrúar ár hvert. Þarna liggur ábyrgð okkar atvinnurekenda.

um er hætta á að við festumst í vítahring verðlags- og launahækkana sem engu skilar nema hærri vöxtum, veikara gengi og skertum lífskjörum. Inn á þá braut viljum við ekki feta á ný. Við verðum að tryggja kaupmátt og stöðugleika.

Það er deginum ljósara að það er vandasamt verkefni að búa svo um hnúta að hækkanir kjarasamninga renni ekki allar út í verðlag en það er á ábyrgð okkar atvinnurekenda að sjá til þess að svo verði ekki. Samningarnir eru dýrir í byrjun og því er mikilvægt að við dreifum þessum kostnaðarauka yfir allt tíma-bil samningsins. Beri okkur gæfa til að leysa það farsælega munum við vonandi öll geta lítið til baka með stolti til vorsins 2015 og sagt að tekist hafi að tryggja efnahagslegan stöðugleika og kaupmátt launafólks. Ábyrgð skilar árangri.

Að reka konur

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur

Maður á helst ekki að reka fólk þegar maður hefur mannaforráð. Og helst ekki konur – og alls ekki þær eldri. Kústin hjá góðum stjórnanda er að nýta sér þá þekkingu sem í fyrirtækinu er og laða fram nýja og óvænta eiginleika hjá fólki sem lengi hefur fengist við það sama, fá nýtt sem lærir af því eldra og veitir því innblástur en ekki henda þeim útbyrðis sem eldri eru. Það eru ekki góðir eða viturlegir stjórnunarhættir að losa sig við reynslu og þekkingu en sækjast eftir reynsluleysi og vanþekkingu.

Alls konar konur

Við þurfum að sjá fleiri konur í fjölmiðlum. Alls konar konur með alls konar raddir, alls konar útlit, alls konar stíl í fasi, klæðaburði og orðum. Þær þurfa að hafa alls konar menntun og vera með alls konar bakgrunn og alls konar skapsmuni en þær þurfa ekki að hafa sérstakt útlit og þær þurfa ekki heldur að vera gallalausar. En við þurfum konur sem hafa eitthvað fram að færa. Við þurfum að sjá konur sem eru á öllum aldri – og ekki endilega sem fyrirmyndir eða táknmyndir eða einhvers konar myndir heldur sem starfandi og skapandi afl. Það er gott að fullorðnar konur hafi náðarvald – en samfélagið þarf konur með annars konar vald líka.

Burt með þetta kynjastrok-leður! Það er brýnt að nú taki að linna þessari áráttu að láta konur hverfa úr sviðsljósinu þegar þær öðlast þroska. Við þurfum að gera okkur grein fyrir þessari hvítleiðu áráttu og við þurfum beinlínis að vinna gegn henni. Markvisst.

